


## Hef flutt

læknastofu mína að Háteigsvegi 1, (Austurbæjar-  
apótek). Viðtalstímar eftir umtali í síma 10380 frá kl.  
13—18, mánud.—föstud.

Einar Oddsson sérfræðingur í  
lífrænum meltingarsjúkdómum.



## GRÓÐURHÚS Í JÓLAGJÖF




Florada eru amerísk gróðurhús og þess vegna sterk.  
4 stærðir af frístandandi húsum en 2 stærðir af uppá-  
hallandi, eins og myndirnar sýna.  
Vinsamlega leggið inn pantanir sem allra fyrst, húsin eru til  
afgreiðslu í nóvember desember.

**Gísli Jónsson & Co hf.**

### Já, því ekki það

Florada gróðurhús hafa ýmislegt  
fram yfir venjuleg gróðurhús, eins  
og til dæmis:

1. Sterkara hús, 30—35% meira ál  
og bogadregin.
2. Hærri en venjuleg, gefa meiri  
birtu og þægilegri að vinna í.
3. Auðveldara að setja Florada  
saman en venjuleg gróðurhús.
4. Falllegt hús, bogadregið þak og  
bronsað ál.
5. Snjór tollir síður á bogadregnu  
þaki.
6. Gagnsett acryl þak sem mest  
reynir á (innifalið), annars gler.



## Skapið þrifalegt og gott umhverfi með Elitex



Elitex er innréttingaefni. Reynsla Norðmanna hefur sýnt að Elitex er  
innréttingaefni sem skapar þægilegt og þrifalegt umhverfi, auk þess sem það þolir  
allar aðstæður.

Norðmenn gera strangar kröfur um hreinlæti og vatnsþol. Þess vegna nota þeir  
Elitex í veggi og þök í mismunandi húsaagerðir fyrir landbúnað, fiskiðnað og annan  
iðnað.

Elitex má einnig nota í klæðningar í sambandi við vatns- og skólpleiðslur eða í  
geymslur fyrir bæði hráefni og fullunna vöru. Elitex innréttingar í ís- og frystihús  
eykur hreinlætið.


Hin vatnsþolna Elite plata er kjarninn í Elitex og plöturnar eru klæddar beggja  
vegna með hertu plastlagi. Plöturnar koma þannig tilbúnar frá verksmiðjunni. Gerið  
strangar kröfur um innréttinguna og veljið Elitex.

Orkla spónplötur fást hjá flestum tímursölum og byggingavöruverzlunum um  
land allt.



**Norske Skog**  
Norske Skogindustrier AS

Einkaumboð á Íslandi MJÖLNIR HEILDVERZLUN h.f., Sðumúla 33,  
105 Reykjavík. Sími 84255.



## MEÐ OPIN AUGU

RAFN HAFNFIÖRD  
SÝNIR LJÓSMYNDIR AÐ KJARVALSSTÖÐUM  
12-21. OKTÓBER 1979

### Myndlist

eftir BRAGA  
ÁSGEIRSSON

Á Kjarvalsstöðum stendur  
nú yfir sýning á rúmlega  
tveimur hundruðum ljós-  
mynda eftir þann mann, sem  
telja má einn vandvirkasta og  
gagngerðasta smíð ljósmynda  
er fram hefur komið á síðustu  
áratugum.

Maðurinn er Rafn Hafn-  
fjörð og er ekki aðeins braut-  
ryðjandi í gerð vissra tegunda  
mynda heldur einnig í off-  
setprentmyndaþækni á Íslandi  
ásamt því að vandvirkni hans  
kemur víða við í leik og starfi

Manni líður vel frammi  
fyrir þessum ljósmyndum,  
sem spanna yfirleitt allt svið  
íslenzkrar náttúru, frá mynd-  
um alls konar fyrirbæra nátt-  
úrunnar, allt frá frjósamri  
gróðurmold til hinna marg-  
vislegustu formana íshrógla  
eða nektar strandarinnar.

Maðurinn er næmur á  
myndefni og hefur glöggst auga  
fyrir sérkennum náttúrunnar,  
hin smæsta eining er hér ekki  
síður áhugaverð en hið stór-  
fenglegasta landslag og hinn  
grái tónn ekki síður tilefni  
mikilla átaka en fagurt lita-  
spil. Við munum vel eftir fyrri  
sýningum hans þar sem nær  
allar myndir hans voru í  
svart- hvítu en nú hefur hann  
skipt yfir í lit og ferst það vel  
úr hendi. Öll vinna við stækk-  
un myndanna er fyrsta flokks  
enda fór Rafn til Sviss á vit  
færustu manna á þessu sviði.  
Þeir undrudust mjög fjöl-  
breytni íslenzkrar náttúru og  
ljósbrigða og áttu bágt með að  
trúa, að allar myndirnar væru  
teknar í sama landinu. Slíkt  
færir okkur ekki einungis  
heim sanninn um fjölbreytni  
íslenzkrar náttúru heldur  
staðfestir að hér fer maður  
með opin augu og er heiti  
sýningarinnar því réttnefni.

Það er líf og fjör á Kjarvals-  
stöðum þessa dagana, fólk  
streymir á þessa sýningu og

heilu skólarnir koma fyrri  
hluta dags. Svona á þetta  
einmitt að vera og ég trúi ekki  
öðru en að starfsfólkinu og  
aðstandendum Kjarvalsstaða  
líði vel og séu með hýrri há.  
Það er mjög mikilvægt að  
vekja athygli á góðum sýning-  
um og í þetta skipti hafa  
fjölmíðlar rættar garð sinn  
vel, helst er að maður sakni  
greinargóðra viðtala við lista-  
manninn, allt er svo stutt og  
snubbótt í dag, það er víst  
tíðarandinn. Hreinskilnisleg  
og efnismikil viðtöl líkt og t.d.  
í helgarblöðum Politikens og  
Berlingsins eru afarfátíð í  
íslenzkum blöðum og er líkast  
sem menn nenni ekki að leggja  
á sig það erfiði, sem er sam-  
fara því að setja saman eitt  
snjallt viðtal eða máski hafa  
menn ekki tíma til þess. Nóg  
er um skyndiviðtöl er menn  
hrista fram úr erminni.  
Ljósmyndun er ei heldur  
virðuleg athöfn líkt og í gamla  
daga, öllum, sem komnir eru á  
miðjan aldur, er í fersku  
minni hve heimsókn til ljós-  
myndara var mikil upplifun.  
Nú gildir „mynd í skyndi“...  
Allt frá fyrstu dögum þessa  
tjámiðils hefur mönnum verið  
það ljóst, að hér er um gilda  
listgrein að ræða, en menn  
geta hér ekki síður en í  
myndlistinni verið klaufar  
klastrarar, litað myndir  
dísætar og væmnar og þær

## Gamall kveðskapur á markað héraendis

KOMIN er út á vegum  
Fræðafélags í Kaupmanna-  
höfn bók sem nefnist Gam-  
all kveðskapur. Próffessor  
Jón Helgason bjó bókina til  
prentunar, gerði grein  
fyrir handritum, texta og  
efni.

Íslensk rit síðari alda. Öll  
bindi radarinnar fást nú í  
bandi hjá Sögufélaginu sem  
nýverið hefur tekið að sér  
umboð fyrir Fræðafélagið  
hér á landi.

Fræðafélagið var stofnað  
1912. Núverandi stjórn þess  
skipa Jón Helgason, Svavar  
Sigmundsson og Pétur M.  
Jónasson.

Gamall kveðskapur er  
sjöunda bindið í ritróðinni: